

1861.

15. marz.

hin mörgu og margbrotnu þingstörf, ásamt stjórnartilhögun þeirri, sem nú er á landinu, ekki hafi gefið þinginu færi á að útkljá mál þetta svo í alla staði, að ekki kynni, við breytta stjórnartilhögun í landinu og það, er mæta kann í framkvæmdum þessa máls, að leiðast í ljós með tímanum ýmsir gallar, sem kynnu að gefa ástæðu til að breyta lagaboðinu.

En bæði er það, að það sem alþingi á við, að ef til vill verði sett ný sveitastjórn á Íslandi, sem vegabótamál þá yrðu lögd undir, ekki virðist geta verið ástæða fyrir þessari uppástungu alþingis, enda virðist það eigi heldur vera til nokkurs gagns að láta tilskipunina koma út með þeirri athugasemd, að hún aðeins ætti að hafa lagagildi fyrst um sinn, með því það er vitaskuld, að ef sú verður raun á, að gallar seu á lagaboðinu, eður það sé miður hagfelt, má breyta því hvenær sem vera skal, eins og hverju öðru lagaboði, á venjulegan hátt. Þareð slík yfirlýsing þar að auki hæglega gæti rýrt álit lagabóðsins, og ef til vill einnig alþingis sjálfs, og því á hinn bóginn ekki verður neitað, að lagaboðið er vandlega samið og hefir verið gaumgæfilega rætt á síðasta alþingi, þá hefir ekki þótt nein ástæða til að fallast á þessa uppástungu alþingis.

14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins, 21. marz. amtmananna, og stiptyfirvaldanna á Íslandi, um anglýsing á reikningum opinberra sjóða og stofnana.

Útaf bænaraskrá, er kom frá síðasta alþingi, um að auglýstir verði á prenti reikningar opinberra sjóða og stofnana m. m., hefir dómsmálastjórnin lagt þegulega skýrslu um málið fyrir hans hátign konunginn, og hefir hans hátign 2. þ. m. allramildilegast þóknazt að úrskurða á þessa leið:

1. að dómsmálastjórnin bjóði þeim embættismönnum á Íslandi, sem falin er stjórn opinberra sjóða og stofnana, að birta á prenti greinilega og nákvæma reikninga um tekjur og gjöld slíkra sjóða og stofnana, svo fljótt sem verða má eptir að

1861.

21. marz.

ársreikningar eru samdir, og að gæta þess, að í næstu reikningum, sem samdir eru, eptir að hinir fyrri reikningarnir eru á enda kljaddir, verði gjörð grein fyrir þeim breytingum, er á þeim hafa orðið, þá er útgjört var um þá, og 2. að kostnaður sá, er af þessu rís, gjaldist af eigum sjálfra sjóðanna og stofnananna.

Um leið og dómsmálastjórnin birtir yður þetta, herra (tit.), skorar hún á yður að gjöra þær ráðstafanir, er með þarf, samkvæmt þessum allrahæsta úrskurði.

1. aprilm.

15. Tilskipun um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland.

Vér Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnglegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Hin nýja jarðabók fyrir Ísland, er samin hefir verið samkvæmt tilskipun 27. maí 1848, 1. gr., skal öðlast lagagildi 6. dag júnímánaðar 1862.

2. gr.

Eptir þessari hinni nýju jarðabók skulu greiddir skattar, tollar og gjöld þau til almennings þarfa, er eptir þetta kunna að verða lögð á jarðir á Íslandi; einnig skal upp frá þeim degi, sem að ofan er nefndur, heimta og greiða allar tíundir af jörðum á Íslandi eptir þeim dýrleika, sem á hverja jörð er settur í hinni nýju jarðabók; þó áskilst þeim prestum, sem eru í kallinu þegar hin nýja jarðabók öðlast lagagildi, réttur til að taka preststíund sína af jörðunum eptir hinum eldri dýrleika jarðanna, ámeðan þeir eru í því sama kalli, svo framt